

FYRIRMÆLI

67

30. apríl

um

veðdeild Búnaðarbanka Íslands og fyrsta flokk bankavaxtabréfa hennar.

Samkvæmt lögum 14. júní 1929, um Búnaðarbanka Íslands, eru um veðdeild bankans sett þau ákvæði, er hér fara á eftir.

1. gr.

Í samræmi við tilgang bankans er það hlutverk veðdeildar að veita lán um langt árabíll gegn veði í fasteignum og gegn tryggingu í eignum og tekjum bæjar-, sýslu- og sveitarfélaga.

2. gr.

Veðdeildin hefir á boðstólum skuldabréf, sem hljóða á handhafa (bankavaxtabréf), en nafnskrá má í bókum hennar, og verða þau kölluð 1. flokkur bankavaxtabréfa hennar. Öll fjárhæð þeirra má ekki fara fram úr áttfaldri fjárhæð stofnsjóðsins. Fjárhæð bankavaxtabréfanna skal talin í gjaldgengum peningum, og skulu bréfin samín eftir fyrirmynd, sem stjórn bankans tekur til. Atvinnumálaráðherra og stjórn bankans rita undir þau. Í bankavaxtabréfunum skal vera útdráttur úr fyrirmælum þessum, að minnsta kosti á íslenzku og ensku. Fjárhæðir bréfanna skulu vera 10000, 5000, 1000, 500 og 100 kr., og skal hver deild hafa sérstakt bókstafseinkenni, en hvert bréf tölusett. Telja má fjárhæðir bankavaxtabréfanna einnig í útlendri mynt samhliða íslenzku krónu-myntinni. Ásamt bankavaxtabréfunum skal afhenda stofna (talons) með vaxtamiðum til 20 ára að minnsta kosti, og þegar hinn síðasti liður þeirra er fallinn í gjalddaga og innleystur, skal afhenda nýjan stofn með vaxtamiðum og hinum eldra stofni skilað.

Aldrei má selja meira af bankavaxtabréfum en nemur fjárhæð þeirri, sem veðdeildarflokkurinn á í veðskuldabréfum.

Ef meira er gefið út um stundarsakir af bankavaxtabréfum en nemur þeirri fjárhæð, sem deildin á í veðskuldabréfum, er bera jafnháa vöxtu sem vaxtabréfin, skal geyma andvirði mismunarins í Landsbanka Íslands, unz því verður varið til útlána samkvæmt tilgangi veðdeildarflokksins.

3. gr.

Auk veðskuldabréfa þeirra, sem veðdeildarflokkurinn fær frá lántaköndum og fé það, sem hann kann að eiga í Landsbanka Íslands samkvæmt niðurlagi 2. greinar, skal trygging fyrir honum vera:

- 67** a) Varasjóður veðdeildarflokksins.
 30. apríl b) Sameiginleg ábyrgð lántakanda flokksins, er nemi allt að 10% (sbr. 9. gr.).
 c) Stofnsjóður veðdeildar.
 d) Ábyrgð rikissjóðs.

Ef taka þarf til trygginganna, skal það gert í þeirri röð, sem að ofan er greint.

4. gr.

Leggja skal í varasjóð tekjuafgang þann, sem kann að verða samkvæmt árlegum reikningsskilum veðdeildarflokksins. En stofnsjóður veðdeildar er 1250000 króna í skuldabréfum viðlagasjóðs. Vextir af stofnsjóði leggjast við hann eftir fyrirmælum 14. og 15. gr. Búnaðarbankalaganna. Að öðru leyti renna vextirnir í varasjóð.

5. gr.

Af bankavaxtabréfunum skal á ári hverju svara í vöxtu 5%, er greiðist tvisvar á ári, 2. janúar og 1. júlí, að helmingi í hvort skipti, gegn afhendingu vaxtamiðans. Vaxtamiðar, sem fallnir eru í gjalddaga, skulu innleystir í bankanum sjálfum og í þeim bönkum erlendis, sem bankastjórnin ákveður og auglýsir með þriggja mánaða fyrirvara í Lögbirtingablaði og í öðrum samsvarandi blöðum erlendis, þar sem ætla má, að bréfin séu í umferð. Sömuleiðis skulu vaxtamiðarnir gjaldgengir til lúkningar sköttum og öðrum gjöldum rikissjóðs, og skulu gjaldheimtumenn rikissjóðs innleysa þá, ef þeir hafa fé fyrir hendi, sem greiðast á í rikissjóð.

6. gr.

Fé veðdeildarflokksins má lána:

- Gegn veði í jörðum og allskonar fasteignum, sem ætlaðar eru til afraksturs landbúnaðar eða til almenningsnota í sveitum landsins.
- Til bæjar-, sýslu- eða sveitarfélaga eða gegn tryggingu í ábyrgð þeirra, að áskildu samþykki æðri stjórnarvalda, enda sé lánið ætlað til jarðræktar, búrekstrar eða til einhvers fyrirtækis til almennings heilla í sveitum.
- Gegn afgjaldskvöð af fasteign, með forgöngurétti fyrir samningsveði, enda hafi lög verið sett, er heimili að leggja slíkar afgjaldskvaðir á fasteignir. Lán þessi veitast löggiltum félögum fasteignaeiganda, sem með höndum hafa félagsmannvirki til umbóta á fasteignum, svo sem raforkuveitur eða önnur slíkir mannvirki.

Hús og önnur mannvirki, er eldur getur grandað, skulu eigi tekin gild að veði, nema váttryggð séu í váttryggingarstofnun, sem stjórn bankans tekur gilda. Heimilt er veðdeildinni að annast sjálf váttrygginguna og innheimta iðgjöldin með árgjöldum af láninu.

7. gr.

Lánsfjárhæð má ekki fara fram úr $\frac{3}{5}$ af virðingarverði fasteignar. Að jafnaði má eigi lána, nema gegn 1. veðrétti. Þó er heimilt að taka gildan 2. eða

síðara veðrétt, ef almannasjóðir einir eiga forgangsveð og lánin samanlögð eru innan $\frac{3}{5}$ virðingarverðs. Heimilt er þó stjórn bankans að taka sérstakt áhættu- gjald af slíku láni, og rennur það í varasjóð. 67 30. apríl

8. gr.

Eignir þær, er veðdeildarflokkurinn tekur að veði, skulu metnar á kostnað lánþega af tveim mönnum, sem stjórn bankans nefnir til, svo framarlega sem ekki er unnt að hlíta löggiltu fasteignamati. Eignirnar skal meta til þess verðs, sem þær eftir beztu vitund virðingarmanna hafa í kaupum og sölum, og skal virða þær með kvöðum þeim, er á þeim hvíla, hvort heldur eru skattar eða afgjöld. Í virðingargerðunum skal eignunum lýst rækilega og greinilega. Um jarðeign skal tilgreina dýrleika hennar, kúgildatölu, afgjaldshæð, hlunnindi hennar og kvaðir þær, er á henni kunna að hvíla, allt það, er lýtur að högum hennar og ræktun, viðhaldi húsa, og enn greina sérstök atvik, sem áhrif hljóta að hafa á verðmæti hennar, svo sem það, hvort hún liggur undir skemmdum af vatnagangi, sjávangangi, skriðum, sandfoki, snjóflóðum o. s. frv.

Um húseignir skal þess getið, hver hús séu á jörðinni og hvers virði hvert um sig, en eins fyrir því tekið fram virðingarverð jarðarinnar sjálfra, án húsa. Í virðingu húseigna skal nákvæmlega lýst hverju einstöku húsi. tilgreint stærð þess, tala herbergja, telja til allt múr- og naglfast, sem húseign fylgir, svo sem ofna, járneldstæði o. fl., efni það, sem húsin eru gerð af, og gæði þess, að svo miklu leyti sem unnt er, enn fremur aldur húsa og viðhald.

Ef eignin hefir gengið kaupum og sölum, skal getið síðasta kaupverðs hennar.

Lántakandi skal að minnsta kosti á hverjum fimm ára fresti, meðan lánið stendur, sýna skirteini, sem bankastjórnin tekur gilt, fyrir því, að veðið hafi ekki rýrnað í verði, svo að veðdeildarflokkinum geti verið nokkur hætta af húin. Ef lántakandi lætur farast fyrir að senda stjórn bankans slíkt skirteini, má hún láta skoðun og nýja virðing fara fram á kostnað lántakanda.

9. gr.

Auk ábyrgðar eiginna skulda, ábyrgjast lántakendur sameiginlega skuldbindingar veðdeildarflokks þessa, þó eigi framar en 10% af því, sem lán þeirra voru á síðasta gjalddaga, áður en taka þurfti til ábyrgðarinnar, en til hennar má taka, hvenær sem tryggingar þær, er getur í 3. gr. a. nægja eigi til að standast áfallið tap. Áður en gripið er til stofnsjóðs veðdeildar, skal þá jafna niður á alla lántakendur veðdeildarflokksins aukagjaldi til varasjóðs, svo sem þörf er á, til þess að bæta skaðann. Niðurjöfnun á aukagjaldi þessu skal vera í hlutfalli við fjárhæð lánanna. Eftir ákvörðun stjórnar bankans má skipta greiðslu þessari niður á fleiri en eitt ár.

Ef þörf er á að gripa til ábyrgðarinnar til að fullnægja skuldbindingum veðdeildarflokksins, skal endurgreiða það án vaxta, þegar hagur flokksins leyfir það.

- 67** Ef eigi hrökkva til tryggingar þær, sem getur í 3. gr. a—b, skal greiða
 30. apríl tapið úr stofnsjóði. Ef stofnsjóður á þann hátt lækkar um 15%, má veðdeildin eigi halda áfram að láta af hendi bankavaxtabréf né veita lán, nema alþingi ákveði á ný, að hún skuli halda áfram störfum og með hvaða skilyrðum.

10. gr.

Minnsta lán, sem veðdeildarflokkurinn veitir, skal vera 300 kr., og jafnan skulu lán standa á hundraði króna. Lánstíminn má vera allt að 40 árum, ef veðið er jarðeign, vandað steinsteypuhús eða steinhús, og allt að 30 árum, ef veðið er vandað timburhús. Ef lánið er bæjar-, sýslu- eða sveitarlán, skal því lokið á eigi lengra tíma en 20 árum.

11. gr.

Lán þau, sem veðdeildarflokkurinn veitir, má hann greiða í bankavaxtabréfum sínum, eftir ákvæðisverði þeirra, eða í peningum með þeirri fjárhæð, sem deildin getur fengið fyrir bréfin, að frádregnum sölukostnaði, og jafnan hefir veðdeildarflokkurinn rétt til þess að greiða lánin í peningum með þeirri fjárhæð, sem hann getur fengið fyrir bankavaxtabréfin eða á von á að fá fyrir þau, að frádregnum öllum beinum kostnaði. Semja má um sölu bankavaxtabréfa flokksins fyrir fram í einu lagi eða fleiri, enda samþykki atvinnumálaráðherra söluverðið.

12. gr.

Til þess að menn geti fengið lán úr veðdeildarflokknum, verða þeir að fullnægja þeim skilmálum, er nú skal greina:

- Útvega virðingargerð, samkvæmt því, sem segir í 8. gr.
- Útvega veðbókarvottorð.
- Útvega vottorð sama embættismanns, er hlut á að máli, um þinglesna heimild lánbeiðanda að eigninni, eða ef ekki er unnt, þá vottorð hans um, að eignin sé vitanleg eign hans.
- Afhenda bankanum váttryggingarskirteini, ef um váttryggðar eignir er að ræða, og
- kvittun fyrir síðustu iðgjaldsgreiðslu.

Ef um er að ræða lán bæjar-, sýslu- eða sveitarfélaga, skulu þessi skilríki vera fyrir hendi:

- Samþykki æðra stjórnarvalds.
- Fjárhagsreikningur lánbeiðanda næsta ár á undan lánbeiðninni.
- Vottorð þeirra yfirvalda, er hlut eiga að máli, um það, að þeir menn, sem annast um lántökuna eða veita umboð til að taka lánið, séu réttir aðiljar.
- Vottorð úr fundarbók lánbeiðanda, sem sýni, að löglega hafi verið samþykkt að taka lánið, og sé útskriftin staðfest af yfirvaldi því, er hlut á að máli.

13. gr.

67

Hver lántakandi skal greiða 1% af lánsfénu í varasjóð flokksins. Ef um 30. apríl semst við stjórn bankans, er þó lántakanda heimilt að greiða þetta lántökugjald í tvennu lagi. Ef lánið er endurgreitt að öllu leyti, áður en lántökugjaldið er að fullu greitt, ber að greiða eftirstöðvar lántökugjaldsins, um leið og lánið er endurgreitt.

Ef eigandaskipti verða að fasteign, sem veðsett er veðdeildarflokkinum, skal kaupandi hafa tilkynnt það veðdeildinni eigi síðar en á næsta gjalddaga lánsins.

Heimilt er veðdeildinni við hver eigandaskipti að krefjast endurgreiðslu lánsins að öllu eða nokkuru leyti.

Ef markverðar breytingar eru gerðar á veðsettri eign, svo að hún rýrni við það í verði, en skuldunautur vanrækir að birta bankastjórninni þetta þegar í stað, má krefjast allt að 1% aukagjalds af veðskuldinni, er rennur í varasjóð.

14. gr.

Ef einhver, sem keypt hefir veð, vill taka að sér skuld við veðdeildarflokkinn, skal hann þegar í stað leita samþykkis bankastjórnar um það. Ef hún samþykkir, að hinn nýi eigandi taki lánið að sér, skal hann innan 6 mánaða frá kaupdegi sanna eignarrétt sinn fyrir bankastjórn og taka lánið að sér.

15. gr.

Lánnum þeim, sem veðdeildarflokkurinn veitir, má hann eigi segja upp, meðan lánþegi gegnir að öllu skyldum þeim, sem hann hefir undirgengizt.

En þá er bankastjórn heimilt að telja eftirstöðvar láns fallnar í gjalddaga undir eins, án uppsagnar, ef eigi er fullnægt einhverju atriði lánsskilmálanna, t. d.:

- a) Ef ákvæðisgjöld eru eigi greidd í réttan gjalddaga.
- b) Ef veðið gengur svo úr sér, að það er eigi lengur svo tryggilegt sem vera skal.
- c) Ef skuldunautur heldur eigi váttrygðum húsum, sem að veði eru, eða vanrækir að senda veðdeildinni kvittun váttryggingarfélags þess, er hlut á að, fyrir iðgjaldi í tæka tíð.
- d) Ef á veðið falla eftirstöðvar af sköttum eða gjöldum, er ganga fyrir kröfu veðdeildar, eða nýr kaupandi vanrækir að taka að sér lán.

16. gr.

Skuldunautar veðdeildarflokksins skulu 15. október ár hvert greiða vöxtu, afborganir og tillög til veðdeildarkostnaðar og varasjóðs í einu lagi með jafnri fjárhæð á hverjum gjalddaga. Sérhvert lán, sem veitt er á öðrum tíma árs en nefndum gjalddaga, skal talið veitt á næst undanförunum gjalddaga, en á næsta gjalddaga á eftir skulu vextir og gjald til veðdeildarkostnaðar og varasjóðs þó aðeins takast frá 1. degi þess mánaðar, sem lánið er tekið í til næsta gjalddaga

67 (15. okt.). Tillag til veðdeildarkostnaðar og varasjóðs er $\frac{1}{2}\%$ á ári af lánsfjár-
30. apríl hæðinni, eins og hún er fyrir hvern gjalddaga. En vextir eru 5 af hundraði á ári af höfuðstól þeim, sem í láni er á hverjum tíma.

17. gr.

Á hinum ákveðna gjalddaga má hver lántakandi, án undanfarinnar uppsagnar, greiða aukaafborganir, sem þó standi á hundraði króna, eða endurgreiða lánið að öllu leyti. Greiðslur þessar má hann lúka með bankavaxtabréfum veðdeildarflokksins eftir ákvæðisverði þeirra. Lögmætar skal telja greiðslur þessar, ef þær eru komnar til veðdeildarinnar fyrir 15. nóvember. Á öðrum tímum árs má greiða upp lán að fullu, ef bankastjórnin samþykkir, þó því aðeins, að það sé veðdeildinni að skaðlausu.

18. gr.

Sérhver skuldunautur, sem eigi hefir innan 15. nóvember greitt árleg gjöld sín, er hann átti að lúka á næst undangengnum gjalddaga, skal í dráttarvöxtu af nefndum gjöldum greiða 1% fyrir hvern mánuð frá gjalddaga til greiðsludags, og skal sá mánuður, sem komið er fram í, talinn sem heill.

19. gr.

Afborgunum þeim og endurgreiðslum, sem luktar eru í peningum á hverjum gjalddaga, skal varið til að innleysa bankavaxtabréf þau, er veðdeildarflokkurinn hefir af hendi látið, eftir hlutkesti, sem notarius publicus hefir umsjón með og fram fer í viðurvist tveggja manna; kveður atvinnumálaráðherrann annan til þess, hinn bankastjórnin. Þegar hlutkesti hefir farið fram, skal auglýsa með 6 mánaða fyrirvara tölurnar á bankavaxtabréfum þeim, er upp hafa komið til innlausnar, og á hverjum gjalddaga þau verði greidd. Auglýsing þessi skal birt í blöðum þeim, er 5. gr. ræðir um. Veðdeildin má og á þann hátt og með þeim fyrirvara, er áður segir, innleysa bankavaxtabréf flokksins framar en hér segir.

20. gr.

Handhafar eða eigendur bankavaxtabréfa þeirra, er innleysa skal, geta gegn því að afhenda þau með vaxtamiðum þeim, er þeim fylgja, fengið greiddan höfuðstól þeirra á ákveðnum gjalddaga, og er eigi skylt að greiða neina vöxtu af höfuðstólnum upp frá því. Greiðsla fer fram á þeim stöðum, sem nefndir eru í 5. gr.

21. gr.

Höfuðstóll og vaxtafé, sem komið er í gjalddaga til útgreiðslu, rennur í varasjóð veðdeildarflokksins, vextir, ef eigi er vitjað innan 5 ára, höfuðstóll, ef eigi er vitjað innan 20 ára, hvort tveggja talið frá gjalddaga.

22. gr.

67

30. apríl

Nú glatast bankavaxtabréf, sem nafnskráð er í bókum veðdeildarinnar, og getur þá bankastjórnin innkallað handhafa bréfsins, með 9 mánaða fyrirvara, í auglýsingu, er birt sé þrisvar samfleytt í Lögbirtingablaði og í samsvarandi blöðum erlendis, þar er ætla má, að bréfin séu í umferð. Ef enginn gefur sig fram með bréfið í tæka tíð, getur bankastjórnin afhent hinum skráða eiganda þess nýtt bankavaxtabréf með sömu fjárhæð sem það, er glataðist, án þess að nokkur annar, er bankavaxtabréfið kann að hafa verið afsalað geti þar fyrir búið kröfu á hendur veðdeildarflokkinum.

Um ógilding annarra glataðra bankavaxtabréfa og vaxtamiða fer eftir almennum lögum.

23. gr.

Bankavaxtabréf þau, sem innleyst hafa verið eða notuð til að greiða eða afborga lán, má eigi frammar setja í veltu, heldur skal ónýta þau undir eins á þann hátt, að þau með því verði ógild, og leggja þau til geymslu í fjárhirzlu veðdeildarinnar. Skal síðan við lok næsta reikningsárs brenna þau í viðurvist endurskoðanda, ásamt vaxtamiðum þeim, er innleystir hafa verið það reikningsár.

24. gr.

Þegar lán er komið í gjalddaga, hefir veðdeildin heimild til að láta selja veðið við opinbert uppboð, án undanfarandi dóms, sátta eða fjárnáms, samkvæmt ákvæðum í tilskipan um fjárforráð ómyndugra, 18. febr. 1847, 10. gr., eða láta leggja það veðdeildinni út til eignar, ef þörf er á.

Veðdeildin þarf ekki að láta neinn vera fyrir sína hönd við uppboðið, og skal þar ekki taka mótmæli skuldunauts til greina, nema þau séu auðsjáanlega á rökum byggð, og eigi er heldur unnt að stöðva eða ónýta uppboðið með nokkurs konar málskoti.

Veðdeildin hefir aftur á móti ábyrgð á því, að skuldin sé rétt og komin í gjalddaga, og skuldunautur hefir rétt til þess að höfða mál til endurgjalds á öllu því, er hann hefir skaðazt á uppboðinu, og öllum málskostnaði að skaðlausu.

Veðdeildin getur löglega samið svo um við skuldunauta sína, að uppboð á veðsettum fasteignum megi fara fram í skrifstofu uppboðshaldara.

25. gr.

Nú hefir veðdeildin orðið að láta leggja sér út veðsetta eign (sbr. 24. gr.) og eignin hefir eigi selzt innan árs, frá því er veðdeildin tók við henni, og skal þá greiða veðskuldina úr varasjóði, eða að minnsta kosti svo mikinn hluta hennar, að eftirstöðvar veðskuldar á eigninni séu eigi hærri en þriðjungur virðingarverðs hennar til lántöku, né heldur hærri en boðið var hæst í eignina á uppboði. Skal eignin síðan seld svo fljótt sem unnt er og sýnt þykir, að eigi sé ávinningur að biða lengur með söluna, og getur kaupandi þá tekið að sér eftirstöðvar lánsins.

67 30. apríl Á meðan veðdeildin hefir slíka eign með höndum, skal eigi að síður árlega greiða tilskildar afborganir og vöxtu af láninu, og skal það gert úr varasjóði, ef tekjur af eigninni sjálfri hrökkva eigi til þess.

Í ársreikningum veðdeildar skal gera sérstaklega grein fyrir eignum þeim, sem þannig er ástatt um.

26. gr.

Fé varasjóðs og stofnsjóðs skal ávaxta í bankavaxtabréfum veðdeildar, svo sem við verður komið.

Fé ófullráðra manna og almannastofnana og sjóða má verja til að kaupa bankavaxtabréf veðdeildar, en þó eigi hærra verði en skráðu eða almennu gangverði og aldrei hærra en ákvæðisverð þeirra er. Allt það geymslufé, sem samkvæmt lögum, skipulagsskrám sjóða eða öðrum gildum ákvæðum má verja til útlána gegn fasteignaveði, má í stað þess geyma í bankavaxtabréfum veðdeildar.

27. gr.

Skyldir skulu embættis- og sýslunarmenn ríkisins eða bæjar-, sýslu- eða sveitarfélaga endurgjaldslaust eða gegn hæfilegri þóknun, er veðdeildin greiðir, ef um nokkurt meiri háttar starf er að ræða, að gefa bankastjórn skýrslur og veita aðstoð, svo sem að láta í té álit sitt um verð fasteigna, hafa eftirlit með viðhaldi veðsettra eigna, annast innheimtu árgjalda af lánnum eða sölu bankavaxtabréfa eða inna af hendi önnur svipuð störf fyrir veðdeildina.

28. gr.

Veðdeildarflokkinum stýrir stjórn Búnaðarbankans.

29. gr.

Endurskoðunarmenn Búnaðarbankans skulu hafa vakandi augu á því, að veðdeildinni sé stjórnað samkvæmt ákvæðum þeim, sem um hana gilda. Einkum skulu þeir hafa gætur á, að aldrei sé í veltu bankavaxtabréf, er nemi stærri fjárhæð samtals en heimilað er í 2. og 19. gr. Þeim ber að athuga skjöl hvers láns, sem veitt er, til þess að ganga úr skugga um, að haldin séu ákvæði þau, sem sett eru fyrir útláni; þeir skulu hafa stöðugt eftirlit með því, að bankavaxtabréf þau, sem ræðir um í 23. gr., séu þannig ónýtt, að ekki sé framar unnt að setja bankavaxtabréfið eða vaxtamiða þess í veltu; þeir skulu að lokum, að minnsta kosti einu sinni á ári, sannreyna að heimafé veðdeildarinnar og veðskuldabréf o. s. frv. sé fyrir hendi.

30. gr.

Sérstakan reikning skal halda um 1. flokk bankavaxtabréfanna, enda sé þeim til tryggingar sérstakur varasjóður, og skal í hann renna tekjuafgangur veðdeildarflokksins.

31. gr.

67

Þegar lokið er skuldbindingum hvers þeirra veðdeildarflokka, er stofn- 30. apríl
aðir verða samkvæmt lögum veðdeildar Búnaðarbankans, rennur varasjóður
til næsta flokks og svo koll af kolli. Þegar lokið er skuldbindingum síðasta
flokksins, rennur varasjóðurinn til þess eða þeirra veðdeildarflokka eða veð-
lánastofnana, sem settar verða til þess að halda áfram veðlánastarfseminni, eftir
að lokið er síðasta flokki samkvæmt lögnum. Ef slíkum nýjum flokkum eða
veðlánastofnunum verða fengin aðgreind starfsvið, skiptist varasjóður í milli
þeirra, svo að hvert starfsvið njóti rétttrar ítölu, þeirrar er varasjóðinum hefir
þaðan aflazt.

Fyrirmæli þessi eru hérmeð sett samkvæmt lögum um Búnaðarbanka
Íslands nr. 31, 14. júní 1929, til þess að öðlast þegar gildi, og birtast til eftir-
breytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 30. apríl 1930.

Tryggvi Þórhallsson.

Vigfús Einarsson.

F Y R I R M Æ L I

68

30. apríl

um

bústofnslánadeild Búnaðarbanka Íslands og fyrsta flokk bankavaxtabréfa hennar.

Samkvæmt lögum 14. júní 1929, um Búnaðarbanka Íslands, eru um bú-
stofnslánadeild bankans sett þau ákvæði, er hér fara á eftir.

1. gr.

Það er hlutverk bústofnslánadeildar að veita bændum og öðrum þeim,
er kvikfjárrækt stunda, þar með bústofnslánafélögum, er sett kunna að verða
upp samkvæmt sérstökum lögum, lán til þess að auka bústofn sinn eða koma
upp bústofni; veita má og sömu lánþegum lán til kaupa á verkfærum til jarð-
yrkju og heyvinnu.